



Svífðu, litla, léttla blað

*Fréttabréf kennsluráðgjafa skóladeildar
nóv. 2012, 1.tbl., 1. árg.
helgah@akureyri.is / www.akmennt.is/erlendir*

Þetta er fyrsta fréttabréfið sem sent er út með upplýsingum til þeirra sem vinna með nemendum með íslensku sem annað tungumál og foreldrum þeirra. Ég hafði ekki fengið neina snjalla hugmynd um nafn á slíkt fréttabréf og ákvað því að leita að góðri mynd sem gæti verið tákn blaðsins. Þegar ég fann fiðrildi með heimskort á vængjum sínum mundi ég strax eftir orðum úr sögu sem margir nemendur mínir lásu eitt sinn og eru svona:

Svífðu, litla, léttla blað, í austur og vestur og allt um kring. Lentu þar sem jörð og himinn mætast, láttu óskina mina rætast (minnir að þetta sé síðasta sagan í **Við lesum C** ☺)

- Hlutverk þessa blaðs er að svífa til ykkar sem starfið með nemendum sem koma bæði frá austri og vestri og greina frá þeirri vinnu sem er í gangi, miðla upplýsingum og góðum ráðum.

Tengiliðir í grunnskólum bæjarins

Kennsluráðgjafi skóladeildar hefur tengiliði í öllum grunnskólum bæjarins. Hlutverk þeirra er að koma með óskir og ábendingar um þau verkefni sem kennsluráðgjafi þarf helst að sinna.

Tengiliðir eru einnig til ráðgjafar um ýmsa vinnu, t.d. í sambandi við að útbúa grunna að ýmsum gögnum fyrir kennara, svo að þau henti flestum sem best. Þar má nefna sameiginlegan grunn um námsmat, eyðublöð til samskipta við foreldra, aðlögun námsefnis o.fl.

Tengiliðir eru:

Oddeyrarskóli:

Rannveig Sigurðardóttir

Brekkuskóli:

Margrét Þóra Einarsdóttir

Naustaskóli:

Hafdís B. Bjarnadóttir

Lundarskóli:

Elfas Gunnar Þorbjörnsson

Þorgerður Sigurðardóttir

Giljaskóli:

Bryndís Indfana Stefánsdóttir

Gróa Svanbergisdóttir

Síðuskóli:

Sigurbjörg Bjarnadóttir

Glerárskóli:

Rakel Björk Káradóttir



Leiðsagnarmat, námsmat - foreldrafundir

Nú stýttist í foreldrafundi og námsmat hjá skólum bæjarins. Það er um að gera að koma sem fyrst með óskir ef það þarf að þýða gögn, útvega túlka eða aðstoða á annan hátt.

Undir flípanum **Námsgögn** á heimasíðunni er komið leiðsagnarmat á íslensku og það er búið að þýða það á eistnesku og pólsk þýðing er á leiðinni. Þessi skjöl eru á PDF formi en ef kennarar vilja breyta eða laga þau til, er sjálfsagt að senda mér póst og fá þau í word skjali.



Mikilvægi móðurmáls

Móðurmál er foreldrafélag um móðurmálskennslu tvítyngdra barna. Meginmarkmið felagsins er að gefa tvítyngdum börnum tækifæri til að læra og viðhalda eigin móðurmáli og menningu. Rannsóknir sýna að börn sem læra og viðhalda tungumáli foreldra sinna eiga auðveldara með að læra nýtt tungumál. Nýlega hafa samtökin gefið út einblöðung á nokkrum tungumálum þar sem foreldrar

eru hvattir til að viðhalda móðurmáli barna sinna á heimilum. Tungumálin eru:

- albanska
- enska
- franska
- ítalska
- pólska
- rússneska
- serbneska
- spænska
- tékkneska
- víetnamska
- íslenska

Ég hvet kennara til að hafa samband við mig og fá send blöð með tungumálum nemenda sinna í PDF formi til ljósritunar. Upplagt að afhenda foreldrum þessa hvatningu í viðtölum og ræða um leið mikilvægi þess að lesa fyrir börnin og tala við þau á móðurmáli sínu.

ATH!

Oft er hægt að útvega lestrarbækur á móðurmáli nemenda til að lána skólunum!